

Forsætisráðuneytið
Regína Sigurðardóttir,
sérfræðingur
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjargötu
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. október 2019
2019100035/42-0
TB, KJ
tb

Deiliskipulag fyrir Reykholt í Þjórsárdal, Þjóðlenda

Vísað er til bréfs frá forsætisráðuneytinu, dags. 17. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um áform Rauðakambs ehf. um fyrirhugaða uppbyggingu hótels og baðstaðar í Reykholti í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Forsaga málsins

Náttúrufræðistofnun hefur haft framangreint mál til umsagnar í skipulagsferli þess. Stofnunin hefur ekki séð ástæðu til að leggjast gegn því að farið sé í uppbyggingu á þessu svæði. Það eru þó atriði sem að mati Náttúrufræðistofnunar hafa ekki verið skoðuð nægjanlega vel. Hér er fyrst og fremst átt við þá hugmynd að byggja hótelið inn í hlíðar Rauðukamba eins og sýnt er m.a. á mynd 2. í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, skjal 201810064 sem fylgdi bréfi ráðuneytisins. Eins og fram kemur í ákvörðun Skipulagsstofnunar eru skiptar skoðanir um staðsetningu hótelsins en þar segir að Umhverfisstofnun telji áætlanir um að fella hótelið inn í hlíðar Rauðukamba jákvæðar en að forsætisráðuneytið telji aðra staðsetningu betri. Jafnframt segir í ákvörðuninni að „Umsagnaraðilar hafi á skipulagsstigi tekið undir áform um að fella byggingar inn í hlíðar Rauðukamba....."Þetta er ekki alveg rétt því Náttúrufræðistofnun gerði athugasemd við þessar fyrirætlanir í umsögn stofnunarinnar vegna skipulagsins frá 31. maí 2018 en þar segir: „Náttúrufræðistofnun telur að almennt sé leitast við í deiliskipulagstillögunni að tryggja að áhrif á umhverfi og náttúru svæðisins verði sem minnst og tekur stofnunin undir þau sjónarmið sem koma m.a. fram í kafla 3.2 um gróður og frágang lóða, þar undir t.d. að nota staðargróður, í kafla 3.3. um lýsingu og almenn sjónarmið sem koma fram í kafla 3.5 (og 3.5.1) um að mannvirki skuli felld að landi. Einnig er fjallað um að öllu raski skulið haldið í lágmarki þar sem svæðið sé tiltölulega ósnortið og m.a. í nálægð við svæði nr. 731 náttúruuminjaskrá, sjá kafla 4.2.5. Enn er þó óljóst, sjá fyrri umsögn stofnunarinnar, að hve miklu leiti á að raska hlíðum Rauðukamba en teikningar af mannvirkjum liggja ekki fyrir. Vert er að benda á að þó 61. gr. laga um náttúruvernd veiti vernd fyrir ákveðnar jarðmyndanir þá þýðir það ekki að aðrar jarðmyndanir, sem ekki eru nefndar í þeirri grein laganna, geti ekki verið sérstakar sbr. umfjöllun



í 2. mgr. í kafla 4.2.1. Í tillögunni kemur fram að taka skuli mið af 69. gr. laga um náttúruvernd sem vonandi verður til þess að vel takist til um áhrif mannvirkja á ásynnd og landslag sbr. kafla 4.2.3." Sjá meðfylgjandi umsögn.

Umsögn

Eins og forsætisráðuneytinu er kunnugt um er lagt til að friðlýsa ákveðið svæði í Þjórsárdal. Þar undir er svæðið við Reykholt. Meginástæða fyrir friðlýsingu svæðisins, skv. drögum að friðlýsingarskilmálum 1. gr., er jarðfræðileg sérstaða þess og landslagsvernd, sjá meðfylgjandi drög. Gert er ráð fyrir að vernda ákveðin svæði innan heildarsvæðisins sem náttúruvætti en þ.á.m. er ekki viðkomandi svæði. Þessi friðlýsingaráform hafa í för með sér að eðlilegt er að gera kröfu um að framkvæmdir við Rauðukamba séu í samræmi við fyrirhugaða friðlýsingarskilmála.

Í töflu 5 í skýrslu EFLU frá 22. júní 2018 segir: „Rauðukambar eru móbergsfjall og telst ekki sem sérstakar eða einstakar jarðmyndanir skv. b lið 3. gr. laga um náttúruvernd, né 61. gr. laganna."

Jafnframt segir í kafla 4.2.1: „Rauðukambar eru móbergsfjall með ísúrum og súrum berggöngum. Hlíðar þess eru að mestu þaktar lausu efni s.s. skriðuefni, gjósku og jarðvegi. Rauðukambar teljast ekki vera sérstakar eða einstakar jarðmyndanir skv. b lið 3. gr. laga um náttúruvernd, né 61. gr. laganna" Hér er einfaldlega fullyrt að Rauðukambar sé ekki sérstök eða einstök jarðmyndun en fullyrðingin hvergi rökstudd.

Í tillögu að friðlýsingarskilmálum segir í 2. gr.: "Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita sérstæðar jarðmyndanir og landslag sem er sérstætt á landsvísu vegna fagurfræðilegs og menningarlegs gildis í samræmi við 3. gr. laga nr. 60/2013."

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun getur hvorki fullyrt að Rauðukambar séu sérstök jarðmyndun á landsvísu eða ekki. Hægt er að fullyrða að móbergsfjöll séu vissulega algeng á landsvísu en móbergsfjöll með súrum berggöngum eru hins vegar ekki svo víða og eingöngu í megineldstöðvum. Í gögnum málsins er ekki fjallað um Þjórsárdalsmegineldstöðina sem er frá fyrri hluta ísaldar, en „súra" bergið tengist henni. Hún er einnig meginástæða þess að þarna er sérstætt landslag. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf, ekki síst hér þar sem gert er ráð fyrir að friðlýsa svæðið, að rökstyðja með samanburði að til séu sambærilegar myndanir víða á landinu áður en fullyrt er að myndunin sé ekki sérstök. Þar sem friðlýsa á umrætt svæði bæði vegna jarðminja og landslags þarf einnig að mati Náttúrufræðistofnunar að meta áhrif framkvæmdarinnar á landslag og leggja fram mismunandi tillögur útfærslu að staðsetningu hótels svo hægt sé að taka ákvörðun um hvað fari best m.t.t. framangreindra atriða.



Náttúrufræðistofnun hefur ekki haft tækifæri til að skoða umrætt svæði á vettvangi, vegna þessara framkvæmda, né gert jarðfræðilega úttekt á því og öðrum sambærilegum svæðum á landinu með samanburð í huga með hliðsjón af verndargildi þeirra.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Meðf: Tillaga að friðlýsingarskilmálum frá júní 2019, Umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 31. maí 2018.

